

Úrslit sveitarstjórnarkosninganna 2014


Sveitarstjórnarkosningar fóru fram laugardaginn 31. maí 2014 og þá voru kjörnir 504 sveitastjórnarmenn í 74 sveitarfélögum til setu í sveitarstjórnum kjörtímabilið 2014 til 2018. Sveitarfélögunum hafði fækkað um tvö frá kosningunum 2010 vegna sameiningar sveitarfélaga á kjörtímabilinu.

Sjálfkjörið var í þremur sveitarfélögum - Vesturbyggð, Tjörneshreppi og Skútustaðahreppi.

Kosningabátttaka

Kosningabátttaka í því 71 sveitarfélagi þar sem kosning fór fram var 66,5% og er það allra minnsta kosningabátttaka á 40 ára tímabili frá 1974 þegar kjörsóknin var hæst 87,8%. Við kosningarnar 2010 var kjörsókn 73,5% eða 7,0 prósentustigi hærri en 2014. Kosningabátttaka 2014 var 21,3 prósentustigum lægri en 1974.

Mynd 1: Kosningabátttaka í sveitarstjórnarkosningum 1974-2014 (%)



Heimild: Hagstofa Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga.

Til samanburðar má geta þess að kjörsókn í alþingiskosningunum árið 2013 var 85,1%, í þjóðaratkvæðagreiðslu sem fram fór 2010 var kjörsókn 62,7% og í forsetakjöri 2012 var kjörsókn 69,3%.

Kosningabátttaka var mest í Eyja- og Miklaholtshreppi eða 95,2%, í Mýrdalshreppi 92,4% og í Sveitarfélaginu Skagaströnd 91,9%. Minnst var kosningabátttakan í Breiðdalshreppi 56,6%, í Dalabyggð 58,1 og í Hafnarfjarðarkaupstað 60,6%. Það voru því 35,8 prósentustig sem skildu milli þeirra sveitarfélaga þar sem kosningabátttaka var mest og minnst.

Kosningabátttaka 2014 jókst eða stóð í stað í 18 sveitarfélögum frá kosningunum 2010. Mest var aukningin í Skorradalshreppi eða 30,9 prósentustig, í Langanesbyggð 28,0 prósentustig, Súðavíkurhreppi 9,4 prósentustig, í Kaldrananeshreppi 8,7 prósentustig og í Strandabyggð 7,4 prósentustig. Í 49 sveitarfélögum minnkaði kosningabátttaka frá kosningunum 2010. Mest var breytingin í Svalbarðsstrandarhreppi eða -19,4 prósentustig, í Árneshreppi -16,1 prósentustig, Sveitarfélaginu Garði -15,4 prósentustig, Kjósarhreppi -14,2 prósentustig og Hvalfjarðarsveit -10,8 prósentustig.

Tafla 1: Mesta og minnsta kosningabátttaka

Sveitarfélag	Kjörsókn 2014		Kjörsókn 2010		Breyting
Mest					
Eyja- og Miklaholtshreppur	95,2%	B	92,8%	Ó	+2,4
Mýrdalshreppur	92,4%	B	93,5%	B	-1,1
Sveitarfélagið Skagaströnd	91,9%	B		S	
Húnavatnshreppur	89,7%	B	87,0%	B	+2,7
Grímsnes- og Grafningshreppur	88,1%	B	90,4%	B	-2,3
Minnst					
Kópavogsbær	60,8%	B	68,8%	B	-8,0
Borgarfjarðarhreppur	60,8%	B	67,0%	Ó	-6,2
Hafnarfjarðarkaupstaður	60,6%	B	65,0%	B	-4,4
Dalabyggð	58,1%	Ó	65,6%	Ó	-7,5
Breiðdalshreppur	56,6%	Ó		S	

B = Bundin hlutfallskosning, listakosning; Ó = Óbundin persónukosning; S = Sjálfkjörið.

Heimild: Hagstofa Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga.

Tafla 2: Kjósendur á kjörskrá, greidd atkvæði og auðir og ógildir seðlar (þar sem ekki var sjálfkjörið)

	2014	2010	2006	2002	1998	1994	1990
Kjósendur á kjörskrá	238.699	224.828	215.932	203.141	193.492	186.088	176.201
Greidd atkvæði	158.619	165.238	169.976	168.913	159.187	161.152	144.485
Auðir seðlar	5.610	9.434	3.545	2.823	3.701	3.284	2.914
Ógildir	778	905	541	599	666	510	455
Gild atkvæði	152.231	154.899	165.890	165.491	154.820	157.388	141.116
Kjörsókn	66,5%	73,5%	78,7%	83,2%	82,3%	86,6%	82,0%
Hlutfall auðra og ógildra	4,0%	6,3%	2,4%	2,0%	2,7%	2,4%	2,3%

Heimild: Hagstofa Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga

Fjöldi sveitarstjórnarmanna og skipting eftir kyni

Í kosningunum 2014 voru kjörnir 504 aðalmenn í sveitarstjórnir, en þeir voru 512 í kosningunum 2010.

Í þeim 53 sveitarfélögum, þar sem fram fór bundin hlutfallskosning voru 184 listar í framboði. Á listunum áttu sæti 2.916 einstaklingar, 1.536 karlar og 1.380 konur. Karlar í framboði voru því 53% og konur 47% og eru það sömu hlutföll og voru við kosningarnar árið 2010. Hluttur kvenna í fyrsta sæti á framboðslistum var meiri við kosningarnar 2014 en nokkru sinni áður. Hlutfall kvenna í fyrsta sæti var 33% borið saman við 22% árið 2006 og 25% árið 2010. Hlutdeild kvenna í 2.-3. sæti við kosningarnar 2014 hafði aðeins breyst í samanburði við kosningarnar 2010 en þegar á heildina er litið hafa konur styrkt stöðu sína.

Konur í sveitarstjórnnum eru nú 222 eða 44,0%, en þær voru 39,8% sveitarstjórnarmanna eftir kosningarnar 2010. Í einni sveitarstjórn situr engin kona. Í einni sveitarstjórn eru fjórar konur og einn karl og í fjórum sveitarstjórnnum sitja fimm konur og tveir karlar. Í 18 sveitarstjórnnum sitja fleiri konur en karlar, en konur voru í meirihluta í 16 sveitarstjórnnum eftir kosningarnar árið 2010.

Tafla 3: Fjöldi kvenna í sveitarstjórnnum o.fl.

	2014	2010	2006	2002	1998	1994	1990
Fjöldi kvenna	222	204	189	205	213	243	243
Sveitarstjórnarmenn	504	512	529	657	756	981	1.116
Hlutfall kvenna af fjölda sveitarstjórnarmanna	44,0%	39,8%	35,7%	31,2%	28,2%	24,8%	21,8%
Fjöldi kvenna þar sem engin kona er í sveitarstjórn	1	1	5	9	15	32	58
Fjöldi sveitarfélaga	74	76	79	105	124	171	204

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga.

Elsti sveitarstjórnarmaðurinn sem kjörinn var í kosningunum 2014 var tæplega 69 ára gamall og sá yngsti tæplega 21 árs. Meðalaldur sveitarstjórnarmanna við kosningarnar 2014 var 46 ár.

Form kosninga

Samkvæmt lögum um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998 getur kosningarformið verið með tvennum hætti:

- Bundnar hlutfallskosningar þar sem kosning er bundin við framboð á listum og fulltrúar á hverjum lista ná kjöri í hlutfalli við það atkvæðamagn sem listinn fær.*
- Óbundnar kosningar þar sem kosning er ekki bundin við framboð en allir kjósendur eru í kjöri nema þeir sem löglega eru undanþegnir skyldu að taka kjöri og hafa fyrirfram skorast undan því.*

Í lögnum segir að í sveitarfélögum skuli almennt kjósa bundinni hlutfallskosningu, en ef enginn framboðslisti kemur fram „áður en framboðsfresti lýkur eða svo fá nöfn eru á framboðslistum að sveitarstjórn verður ekki fullskipuð í bundinni kosningu og skal þá kosning verða óbundin“.


Af þeim 504 sveitarstjórnarmönnum sem kjörnir voru vorið 2014 voru 393 kjörnir með bundinni hlutfallskosningu (listakosningu) í 53 sveitarfélögum, 94 voru kjörnir óbundinni kosningu (persónukosningu) í 18 sveitarfélögum og 17 voru sjálfkjörnir í þremur sveitarfélögum þar sem aðeins einn listi kom fram fyrir lok framboðsfrests.

Tafla 4: Kjörnir fulltrúar eftir formi kosninga

	2014	2010	2006	2002	1998	1994	1990
Bundin hlutfallskosning	393	398	426	434	452	508	494
Óbundin kosning	94	94	93	191	294	463	600
Sjálfkjörið	17	20	10	32	10	10	22
Kjörnir fulltrúar alls	504	512	529	657	756	981	1.116
Fjöldi sveitarfélaga	74	76	79	105	124	171	204

Heimild: Hagstofa Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga.

Mynd 2: Fjöldi sveitarstjórnarmanna eftir formi kosninga



Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga og Hagstofa Íslands

Endurnýjun sveitarstjórnarmanna

Þegar skoðað er hlutfall endurnýjunar í sveitarstjórn, þ.e. þeir sveitarstjórnarmenn sem ekki hafa setið sem aðalmenn í viðkomandi sveitarstjórn á síðasta kjörtímabili, kemur í ljós að þeir eru 274 eða 54,4%. Rétt er að taka fram að einhver hluti þeirra hefur setið sem varamenn, aðrir hafa flutt sig milli sveitarfélaga eftir að hafa setið annars staðar í sveitarstjórn og enn aðrir setjast að nýju í sveitarstjórn eftir hlé síðasta kjörtímabil eða fleiri. Margir þessara „nýju“ sveitarstjórnarmanna hafa því einhverja reynslu af störfum að sveitarstjórnarmálum.

Árið 2010 var hlutfall „nýrra“ sveitarstjórnarmanna 57,4% og árið 2006 var hlutfallið 55,0%.

Skipting kjörinna sveitarstjórnarmanna eftir stjórnmálaflokkum

Eins og endranær er ekki einfalt að kortleggja hið pólitíska landslag að loknum sveitarstjórnarkosningum. Við kosningarnar 2014 var eins og áður þó nokkuð um óháð framboð og samstarf hinna ýmsu flokka, fylkinga og óháðra. Þá fór fram óbundið persónukjör í 18 sveitarfélögum, eins og áður hefur komið fram, og verða sveitarstjórnarmenn sem kosnir eru þannig ekki markaðir ákveðnum stjórnmálaflokkum, þó ljóst sé að margir þeirra eru stuðningsmenn eða félagar í stjórnmálaflokkum. Stjórnmálaflokkar og stjórnmálafélög eiga jafnframt aðild að framboðum sem merkt eru öðrum listabókstöfum en flokkarnir nota á landsvísu. Þá eru einnig dæmi um það nú sem áður að boðnir eru fram listar undir listabókstaf flokks án þess að framboðin séu sérstaklega tengd viðkomandi flokki frekar en öðrum. Dæmi um það eru B-listi framfarasinna í Mýrdalshreppi og B-listi framfarasinna í Sveitafélaginu Ölfusi, S-listi jafnaðarmanna í Fjallabyggð, T-listi Tjörneslistinn í Tjörneshreppi, T-listi sveitunga í Þingeyjarsveit, T-listinn í Bláskógabyggð, T-listinn í Flóahreppi og Þ-listinn í Bláskógabyggð. B er listabókstafur Framsóknarflokksins, S er listabókstafur Samfylkingarinnar, T er listabókstafur Dögunar á landsvísu og Þ er á sama hátt listabókstafur Pírata.

Hlutbundnar listakosningar fóru fram í 53 sveitarfélögum. Framsóknarflokkurinn eða framsóknarmenn buðu fram B-lista í 26 sveitarfélögum, ýmist sem hreina flokkslista eða í samstarfi við óháða, frjálsa eða framfararsinna. Sjálfstæðisflokkurinn eða sjálfstæðismenn buðu fram D-lista í 34 sveitarfélögum og í flestum tilvikum sem hreina flokkslista, en í nokkrum tilvikum í samstarfi við óháða eða aðra lýðræðissinna. Samfylkingin var með framboðslista í 15 sveitarfélögum, þar af í fjórum sveitarfélögum í samstarfi við óháða eða annað félagshyggjufólk. V-listar Vinstri hreyfingarinnar græns framboðs voru boðnir fram í 10 sveitarfélögum, þar af í fjórum í samstarfi við óháða og félagshyggjufólk. Dögun bauð fram T-lista í

þremur sveitarfélögum og Þ-listar Pírata voru boðnir fram í fjórum sveitarfélögum. Æ-listar Bjartrar framtíðar voru boðnir fram í níu sveitarfélögum, allt hreinir flokkslistar.

Framboðslistar sem verða með góðu móti eignaðir stjórn mála flokkunum sem sæti eiga á Alþingi og fengu menn kjörna í sveitarstjórnir voru 100, en aðrir framboðslistar 63. Framboðslistar voru í heild 184 talsins og því kom 21 framboð ekki mönnum að í sveitarstjórnnum. Alls voru 393 sveitarstjórnarmenn kjörnir við hlutbundnar listakosningar og 17 voru sjálfkjörnir. Í töflu 5 eru þeir greindir niður á framboðslista.

Tafla 5: Yfirlit um hlutbundnar kosningar 2014 (sjálfkjörð þar með talið)

Kjördæmi	RV	SV	NV	NA	SU	Samtals
Kjörskrá	90.487	63.553	19.206	27.954	34.445	235.645
Kusu	56.896	39.544	14.770	19.899	25.371	156.480
Auðir	2.024	1.634	511	657	743	5.569
Ógild atkvæði	227	184	83	111	153	758
Gild atkvæði	54.645	37.726	14.176	19.131	24.475	150.153
Kjörsókn	62,9%	62,2%	76,9%	71,2%	73,7%	66,4%
Hlutfall auðra og ógildra	4,0%	4,6%	4,0%	3,9%	3,5%	4,0%
B - framsóknarflokkur	5.865	3.184	2.532	3.728	2.810	18.119
Hlutfall af greiddum atkvæðum	10,7%	8,4%	17,9%	19,5%	11,5%	12,1%
Fjöldi fulltrúa	2	1	13	19	14	49
D - sjálfstæðisflokkur	14.031	16.384	4.205	4.590	9.901	49.111
Hlutfall af greiddum atkvæðum	25,7%	43,4%	29,7%	24,0%	40,5%	32,7
Fjöldi fulltrúa	4	26	31	18	41	120
S - samfylkingin	17.426	6.463	1.184	1.793	3.109	29.975
Hlutfall af greiddum atkvæðum	31,9%	17,1%	8,4%	9,4%	12,7%	20,0%
Fjöldi fulltrúa	5	10	4	4	10	33
V - vinstri græn	4.553	3.090	878	1.307	174	10.002
Hlutfall af greiddum atkvæðum	8,3%	8,2%	6,2%	6,8%	0,7%	6,7%
Fjöldi fulltrúa	1	3	2	3	0	9
Þ - píratar	3.238	1.308	0	0	173	4.719
Hlutfall af greiddum atkvæðum	5,9%	3,5%	0,0%	0,0%	0,7%	3,1%
Fjöldi fulltrúa	1	0	0	0	0	1
Æ - björt framtíð	8.539	5.211	667	814	427	15.658
Hlutfall af greiddum atkvæðum	15,6%	13,8%	4,7%	4,3%	1,7%	10,4%
Fjöldi fulltrúa	2	6	1	1	1	11
Aðrir listar	993	2.086	4.710	6.899	7.881	22.569
Hlutfall af greiddum atkvæðum	1,8%	5,5%	33,2%	36,1%	32,2%	15,0%
Fjöldi fulltrúa	0	3	61	62	61	187
Samtals fjöldi fulltrúa	15	49	112	107	127	410

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga.

Framkvæmdastjórar sveitarfélaga

Í 10 sveitarfélögum er ekki ráðinn sérstakur framkvæmdastjóri heldur gegnir oddviti viðkomandi sveitarfélags framkvæmdastjórn þess. Af þessum 10 oddvitum eru sjö karlar og þrjár konur.

Í 64 sveitarfélögum eru ráðnir sérstakir framkvæmdastjórar. Af þessum 64 einstaklingum eru 33 titlaðir sveitarstjórar, 29 bæjarstjórar, einn borgarstjóri og einn framkvæmdastjóri. Stöðunum gegna 48 karlar og 16 konur.

Í heild gegna því 56 karlar framkvæmdastjórastöðum í sveitarfélögum og 18 konur.